

Mánudaginn 19. apríl.

Nr. 9/1909:

Réttvísinn

gegn

Sigurgeir Sófusi Gissurarsyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 29. janúar þ. á., var hinn ákærði, Sigurgeir Sófus Gissurason, húsmaður í Skjaldarvík, dæmdur fyrir skjalfals og svik samkvæmt 272. gr. sbr. 273. gr. og 253. gr. sbr. að nokkru leyti við 47. gr. hinna almennu hegningarlaga í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnað í héraði þar á meðal 8 kr. til hins skipaða talsmanns síns Björns Líndals cand. juris. En þessum dómi hefir eftir ósk hins ákærða verið áfryjað til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu ákærða og öðrum skýrslum fengnum við rannsókn málsins, að hann hafi í heimildarleysi ritað nafn þriggja manna á Akureyri, Guðlaugs Guðmundssonar bæjarfógeta, Otto Tulinius kaupmanns og Arthur Gooks trúboða undir skjal nokkurt, er hann hafði sjálfur samið og ritað. Skjal þetta kom ekki fram við rannsókn málsins með því að ákærði tjáðist hafa brent það; en eftir sögn ákærða og annara, sem sáu skjalið hjá honum, var efni þess beiðni eða áskorun um samskot handa nafngreindum manni á Akureyri til að ferðast um landið og veita ókeypis læknishjálp.

Í fyrra sumar var ákærði á ferð í Þingeyjarsýslu með þetta samskotaskjal og sýndi það á nokkrum bæjum í Axarfjarðarhreppi og Presthólahreppi; gafst honum

nokkurt fé, alls nálægt 11 kr., að því er upplýst hefir orðið og notaði hann það í eigin þarfir. Sumstaðar var ákærða neitað um gjafir, enda þótti skjalið tortryggilegt, með því alt var skrifað með sömu hendi, skjalið sjálf og nöfnin undir því, og þó að ákærða tækist að safna nokkrum samskotum, má gjöra ráð fyrir því, að frágangur á skjalinu hafi verið svo ófullkominn, að eigi hafi verið auðvelt að villast á því.

Héraðslæknirinn á Akureyri hafði ákærða 3 daga undir hendi til að athuga sálarástand hans, og hefir lýst ákærða svo, að þroski hans sé enn að miklu leyti á barnslegu stigi, að hann komi fremur þjánalega fyrir við viðkyrningu og að hann sé mislyndur, treggáfaður og minnislíttill. En á þessari lýsingu verður það ekki byggt að ákærði sé þjáni, eða verði af öðrum ástæðum talinn til þeirra manna, sem vægari refsing er ákveðin í 40. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er fæddur 24. júní 1883 og hefir sætt refsingu samkvæmt landsyfirréttardómi 26. maí 1902, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað, er hann framdi óðar en hann varð 18 ára. Framangreint brot hans heyrir undir 272. gr. sbr. 273. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði og ákærði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigurgeir Sófus Gissurarson sæti 2X5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí

Nr. 8/1909:

Réttvísín

gegn

Samson Eyólfssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnu 20. janúar þ. á., var hinn ákærði, Samson Eyólfsson á Ísafirði dæmdur fyrir svik samkvæmt 254., 256. og 259. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar. En dómi þessum hefir eftir ósk dómfelda verið skotið til yfirdómsins.

Haustið 1906 tók ákærði að sér að innheimta fyrir